# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

**KENNSLUÁÆTLUN:** Vorönn 2019

**ÁFANGI:** ÁGSH3ÁG03 Áætlun og gæðastjórnun húsasmiða

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum læra nemendur að gera efnis-, kostnaðar- og verkáætlanir fyrir ýmis mannvirki og að nýta sér töflureikni (Excel) og verkáætlanaforritið ProjectLibre við gerð þeirra. Nemendur fá þjálfun í að magntaka og áætla efniskostnað fyrir mismunandi verk (timburhús, steinsteypt hús o.fl.) og raða upp og skipuleggja mismunandi verkþætti við framkvæmd þeirra (CPM-aðferðin, Gantt rit, tímaáætlanir, mannaflaþörf o.fl.). Áhersla er lögð á raunhæf verkefni þar sem m.a. er unnið með verðskrár á bygginga- og mannvirkjasviði. Nemendur fá einnig kynningu á gæðastjórnun í byggingariðnaði.

**Áfangamarkmið:**

Markmið áfangans eru að nemendur:

- kunni að magntaka og gera kostnaðaráætlanir fyrir mismunandi verkþætti og geti notað töflureikni við útreikningana
- kunni að gera heildarkostnaðaráætlun fyrir verk
- þekki algengustu aðferðir við verkáætlanagerð og forrit tengd þeim
- þekki til gæðastjórnunar og verðskrár húsasmiða
- kunni skil á hefðbundnu byggingaferli frá hugmynd að lokaúttekt

**Kennslugögn:**

**Efnisáætlun**, hefti frá Iðnú. (nemendur þurfa að kaupa)
**Verkþáttagreining,** hefti frá Iðnú. (nemendur þurfa að kaupa)
10-þrepa aðferðin, hefti nr. 28 frá RB
Ýmsar reglugerðir og gögn sem kennari afhendir í tímum.
Ýmis ýtarefni á netinu.

**Verkefnaskil / Námsmat:**

Lögð verða fyrir nokkur skilaverkefni yfir önnina. Verkefnin gilda 100% af lokaeinkunn. Skili nemandi ekki öllum verkefnum með fullnægjandi hætti þá þarf hann að taka lokapróf úr öllu efni áfangans í lok annarinnar í maí. Þá gilda verkefnin 60% af lokaeinkunninni og lokaprófið 40%.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ Á ÖNNINNI:

| Vika | Efnisatriði | Verkefni |
|---|---|---|
| 2 | Reglur um útreikning magntalna og æfingadæmi (hefti bls. 1-7 og ljósrit) | heimavinna |
| 3 | Magnútreikningur fyrir steypta bílgeymslu (verkefni 2 í hefti) | **Skilaverkefni 1** |
| 4 | Magn- og verðútreikningur fyrir steypta bílgeymslu (verkefni 2 í hefti) Excel | heimavinna / |
| 5 | Magn- og verðútreikningur fyrir steypt einbýlishús (verkefni 3 í hefti) Excel | **Skilaverkefni 2** |
| 6 | Magn- og verðútreikningur fyrir steypt einbýlishús (verkefni 3 í hefti) Excel | heimavinna |
| 7 | Magn- og verðútreikningur fyrir steypt einbýlishús (verkefni 3 í hefti) Excel | heimavinna |
| 8 | Magn- og verðútreikningur fyrir steypt einbýlishús (verkefni 3 í hefti) Excel | **Skilaverkefni 3** |
| 9 | Magnútreikningur fyrir sumahús úr timbri (teikningar/ljósrit) Excel | heimavinna |
| 10 | Magnútreikningur fyrir sumahús úr timbri (teikningar/ljósrit) Excel | heimavinna |
| 11 | Magnútreikningur fyrir sumahús (+ verönd úr timbri) Excel | heimavinna |
| 12 | Verkáætlun/verkþáttagreining – CPM-örvarit (heftið bls. 1-13) | heimavinna |
| 13 | Verkáætlun/verkþáttagreining – CPM-örvarit (heftið bls. 14-20) ProjectLibre | heimavinna |
| 14 | Verkáætlun/verkþáttagreining – Gantt-bjálkarit (heftið bls. 21-26) ProcectLibre | heimavinna |
| 15 | Verkáætl./verkþ.gr. (heftið bls. 27-40) ProjectLibre | **Skilaverkefni 4** |
| 16 | Páskafrí | heimavinna |
| 17 | Kynning á gæðastjórnun í byggingaiðnaði (ljósrit frá kennara) Moodle | heimavinna |
| 18 | Verðskrá húsasmiða | **Skilaverkefni 5** |
| 19 | Upprifjun/samantekt fyrir lokapróf – verkefni annarinnar skoðuð | |

## ATHUGASEMDIR:

Fjöldi kennslustunda eru aðeins 2 tímar í viku (2x55 mín). Því má reikna með talsverðri heimavinnu nemenda. Kennsluumhverfið Moodle verður notað til að miðla efni og koma ýmsum upplýsingum og verkefnum á framfæri í áfanganum. Nemendur þurfa því að vera virkir á Moodle.
Ljósrit/ýtarefni fá nemendur afhent frá kennara í tímum jafnóðum og þörf er á.
Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

**FSU. 5. janúar 2019** **Kennari:** ***Ingvar Bjarnason***